

# Alþjóðlegir sjálfseignarsjóðir eða fjárvörslusjóðir ("Trusts")

Umræðufundur Landssamtaka Lífeyrissjóða  
Grand Hotel Reykjavík  
13. mars 2007

Hulda Dóra Styrmisdóttir

# Hvað er sjálfseignarsjóður?

- Sjálfstæður lögaðili án eiganda
  - Aðskilinn frá stofnendum
  - Óháð og sjálfstæð eign
- Stofnaður með einu eða fleiri fjárframlögum
- “Lítill” lögaðili
  - Ekki tilgangur að laða að fjárfesta
  - Engin umsvif þar sem sjálfseignarsjóðum er óheimilt að stunda atvinnurekstur

# Kjarni:

## Stofnendur njóta ekki ágóðans

- Kjarninn í sjálfseignarsjóði er sá að stofnandi njóti ekki góðs af honum, heldur þriðji aðili
- Stofnandi kemur ekki að ráðstöfun eigna nema í upphafi
- Umsjónaraðili/fjárvörsluaðili sér um sjálfseignarsjóðinn og ráðstöfun eigna úr honum
- Sá sem nýtur góðs af sjóðnum hefur ekki heimild til umsjónar og “á” ekki sjóðinn í neinum lagalegum skilningi – sjóðurinn á sig sjálfur

# Kjarni: Aðskilnaður

- Annað grundvallaratriði er aðskilnaður eignarhalds, yfirráða og réttinda til hagnaðar
- Einhver slíkur aðskilnaður verður að hafa átt sér stað til þess að um gildan sjálfseignarsjóð sé að ræða
- Ef stofnendur halda áfram að nota eignir sjóðsins sem sínar eigin getur sjóðstofnunin talist ógild

# Nokkur hugtök

- Stofnandi
  - Sá sem stofnar sjóðinn: einstaklingur/lögaðili
- Fjárvörsluaðili
  - Sér um sjóðinn, ávöxtun hans og úthlutun til rétthafa
- Verndari
  - Hefur eftirlit með fjárvörsluaðila, er oftast stofnandi
- Rétthafi
  - Nýtur góðs af sjóðnum: einstaklingur/lögaðili
- Samþykktir
  - Kveða á um fjárfestingarstefnu, tilgang, rétthafa ofl.
- Samningur
  - Milli stofnanda og fjárvörsluaðila

# Til hvers eru sjálfseignarsjóðir?

- Sértæk ráðstöfun eigna í ákveðnum tilgangi
  - Ákveðnir rétthafar njóta góðs af eignum í samræmi við tilgang
    - Í umsjón fjármálafyrirtækja sem sjá um ávöxtun eigna og ráðstöfun til rétthafa í samræmi við tilgang
- Einstaklingar sem stofnendur
  - Eignavernd – arfleiðsla - styrktarsjóðir
  - Skattaskipulagning
  - Annað skv. þörfum og óskum stofnenda
- Fyrirtæki sem stofnendur
  - Samstæður
  - Samfélagsleg ábyrgð

# Uppruni sjálfseignarsjóða

- Í Bretlandi á 11. öld í tengslum við krossferðir
- Próaðist í enskri löggjöf á miðöldum, notað til að vernda landeignir fyrir ágangi yfirvalda, seinna tekið upp í Bandaríkjunum
- Varð að tæki til þess að vernda fjölskylduauð og tryggja örugga færslu eigna frá einni kynslóð til þeirrar næstu
- Nú t.d. hluti af “estate planning” í Bandaríkjunum og notað hvort sem er um mikinn auð eða meðaleignir að ræða

# Einstaklingar sem stofnendur

- Einstaklingar sem hafa yfir eignum að ráða vilja skipuleggja ráðstöfun þeirra markvisst
  - Eignavernd
    - Veikindi
    - Erfðamál
    - Framfærslusjóðir
    - Áhættustarfsemi
  - Sérstök áhugamál
    - Menntun barnabarna
    - Góðgerðamál
  - Skattaskipulagning
  - Afskiptasemi
    - Vantraust á næstu kynslóð



# Fyrirtæki sem stofnendur

- Góðgerðamál
  - Erlendis eru sjálfseignarsjóðir oft stofnaðir af fyrirtækjum til að halda utan um framlög þeirra til góðgerðamála. Á Íslandi hafa menningarsjóðir fyrirtækja farið ört stækkandi en slíkir sjóðir starfa margir eftir lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá
- Skipulagning samstæða
  - Erlendis eru til form sjálfseignarsjóða sem gera fyrirtækjum kleyft að nota þá í slíkum tilgangi. Ekki er um hefðbundið form sjálfseignarsjóða, enda er óafturkræf ráðstöfun eigna til þriðja aðila ekki hentug fyrir fyrirtæki
- Þróunarmál
  - Í Bretlandi eru sjálfseignarsjóðir t.d. stofnaðir í kringum þróun/endurnýjun ákveðinna landsvæða/borga eða jafnvel hverfa: tilgangurinn er að fjárfesta í efnahagslegri, umhverfislegri eða samfélagslegri uppbyggingu svæðisins og eru stofnendurnir þá íbúar, fyrirtæki og stofnanir á svæðinu.

# Hvað þurfa stjórnvöld að athuga?

- Reglusetning hafi að geyma reglur sem koma í veg fyrir að sjóðir verði notaðir með sviksamlegum hætti
  - Eignaundanskot
    - Yfirvofandi gjaldþrot
  - Peningaþvætti
- Skattlagning
  - Tekjur ekki skattlagðar hjá sjóðum
  - Greiðslur til réttthafa skilgreindar sem vaxtatekjur

# Af hverju alþjóðlegir sjálfseignarsjóðir?

- Eðlilegur hluti lagaramma í þróuðum fjármálamiðstöðvum
  - Mikið notað í einkabankþjónustu
- Tæki til að auka þjónustu við innlenda aðila og laða fjármagn hingað til lands
  - Eignir Íslendinga hafa stórukist á undanförunum áratugum
  - Íslenskt laga – og fjármálaumhverfi er gagnsætt og skilvirkt og getur verið aðlaðandi ef rétt tæki eru til staðar
  - Íslensk fjármálafyrirtæki geta boðið viðskiptavinum upp á heildstæða og markvissa þjónustu í tengslum við ráðstöfun fjármagns og eigna

# Hvar stendur málið

- Verið er að vinna að drögum að frumvarpi í samvinnu markaðar og viðskiptaráðuneytis en fleiri ráðuneyti þurfa að koma að málinu
- Í frumvarpsdrögum eru sjóðirnir nefndir fjárvörslusjóðir
- Einkum er gert ráð fyrir að sjóðirnir geti nýst einstaklingum, en öðrum lögaðilum er þó heimilt að stofna þá

Alþjóðlegir sjálfseignarsjóðir  
eða fjárvörslusjóðir  
("Trusts")